

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla
2009

Efnisyfirlit

1. Aðfaraorð formanns	3
2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs	5
2.1 Stjórn	5
2.2 Hlutverk og verklag	5
2.3 Fjöldi þjónustu- og ráðstöfunaraðila	6
2.4 Lagabreytingar	6
2.5 Veidarfærasamningur	6
2.6 Erlend samskipti	6
3. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2009	7
3.1 Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings	8
3.2 Áritun endurskoðenda	8
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2009	9
3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2009	9
3.5 Sjóðsstreymi árið 2009	10
3.6 Skýringar á ársreikningi	10
3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2009	14
4. Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstraryfirlit einstakra vöruflokka	15
4.1 Oliuvörur	16
4.2 Lífræn leysiefni	17
4.3 Halógeneruð efnasambönd	18
4.4 Ísósýanöt	19
4.5 Oliumálning	20
4.6 Prentlitir	21
4.7 Rafhlöður	22
4.8 Blýsýrurafgeymar	23
4.9 Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar	24
4.10 Kvikasilfurvörur	25
4.11 Varnarefni	26
4.12 Kælimiðlar	27
4.13 Hjólbarðar	28
4.14 Pappa- og pappírsumbúðir	29
4.15 Plastumbúðir	30
4.16 Ökutæki	31

1. Aðfaraorð formanns

Í neyslu- og umbúðarþjóðfélögum nútímans verður endurnýting og endurnotkun úrgangs æ mikilvægari þáttur. Samfara því sem gengið er æ óvægilegar á auðlindir jarðar og áhrif mannsins á umhverfið aukast, er úrgangur að verða mikilvægur sem hráefni til iðnaðar og framleiðslu. Jafnframt verður mönnum starsýnt á að hin margvíslega framleiðsla nútímans gengur misóvægilega á náttúruna og úrgangur þessarar framleiðslu getur í sumum tilvikum verið umhverfinu hættulegur og miskostnaðarsamt að ganga tryggilega frá honum.

Framleiðendaábyrgð

Iðnrikin hafa í auknum mæli mótað þá stefnu að framleiðendur vöru beri ábyrgð á henni eftir að notkun hennar eða líftíma er lokið. Þar með er ekki bara átt við að framleiðendur taki við vörunni að notkun lokinni heldur standi straum af kostnaði við endurnýtingu og förgun úrgangs. Þetta felur í sér að þessi lokakostnaður verði innifalinn í söluverði vörunnar. Ef framleiðsla vörunnar er þannig að endurvinnsla eða förgun verður áhættusöm eða kostnaðarsöm, hækkar verðið og varan verður þá síður samkeppnis-hæf.

Samkvæmt þessu verður hlutur sveitarfélaganna mun minni við meðhöndlun og móttöku úrgangs þó lög feli þeim ákveðið hlutverk. Tilskipanir Evrópubandalagsins segja fyrir um aukna framleiðendaábyrgð en framkvæmd hinna ýmsu landa er með mismunandi hætti.

Úrvinnslusjóður

Á Íslandi er Úrvinnslusjóði með lögum ætlað að vera hvati til endurnýtingar og endurnotkunar úrgangs í ákveðnum vöruflokkum. Þó Úrvinnslusjóður sé skilgreindur sem ríkisstofnun er uppbygging hans, stjórnun og skipulag með öðrum hætti en annarra ríkisstofnana. Í raun varð hann til með samkomulagi milli atvinnulífsins og umhverfisráðuneytisins. Við stofnun sjóðsins var höfð rík hlíðsjón af framleiðenda ábyrgð. Atvinnulífið hefur meirihluta í stjórn sjóðsins og getur þannig í reynd stjórnað honum. Ráðstöfunarfé sjóðsins sem ætlað er til að kosta og efla endurnýtingu úrgangs er lagt á vöruna í tolli við innflutning eða með svipuðu fyrirkomulagi og virðisaukaskattur á innlenda framleiðslu. Þannig kemur úrvinnslukostnaður fram í verði vörunnar. Hins vegar hefur Alþingi lokaákvörðunarvald um upphæð gjaldsins og sérstakur samningur er um ávöxtun sjóðsins og ábyrgð ríkisvaldsins til að brúa tímabundið bil ef sjóðurinn verður neikvæður.

Úrvinnslugjald er skilgreint sem skattur þó skilningur margra sé að um þjónustugjald sé fremur að ræða. Áhöld hafa verið um hvort Úrvinnslusjóður fullnægi öllum skil-

yrðum um framleiðendaábyrgð og snýr það einkum að innheimtu ríkisins á gjaldinu og ábyrgð þess á rekstri sjóðsins. Þetta atriði getur haft mikil áhrif á þróun úrvinnslu á Íslandi á næstu árum og þann kostnað sem úrvinnslunni fylgir.

Þróunin framundan

Hin ákveðnu ákvæði tilskipana Evrópubandalagsins leiða til stofnunar sér fyrirtækja til úrvinnslu á ákveðnum sviðum. Þannig hefur verið sett á stofn fyrirtæki er sér um úrvinnslu rafeinda- og raftækjaúrgangs. Sérstakir aðilar sjá um úrvinnslu veiðarfæraúrgangs og fleiri slíkum fyrirtækjum getur verið komið á fót. Þetta fyrirkomulag getur haft ýmsa kosti í för með sér. Í löndunum í kringum okkur eru oft sér fyrirtæki er sjá um úrvinnslu ákveðinna vöruflokkna, eitt með hjólbarða, annað með ökutæki og þriðja með umbúðir o.s.frv. Í okkar fámenna landi getur slíkt fyrirkomulag leitt til aukins kostnaðar og þar með hækunar vöruverðs. Úrvinnslusjóður hefur auk framkvæmdastjóra 4 starfsmenn. Sjóðurinn gæti án verulegs kostnaðarauka tekið við talsverðum verkefnum enda búið að þróa starfsferla og starfsumhverfi mikið. Ef þróunin verður hins vegar sú að sjálfstæður sjóður sér um hvern vöruflokk og honum fylgi framkvæmdastjóri, starfslið og húsnæði auk annars rekstrarkostnaðar, búum við til mikinn kostnað. Huga þarf að því hvort breytt lagaumhverfi Úrvinnslusjóðs getur ekki gert honum kleift að annast framleiðendaábyrgð. Úrvinnslusjóður glímir nú við að finna ákjósanlegt fyrirkomulag til úrvinnslu úrgangsolíu. Núgildandi lög gera ráð fyrir að úrvinnslugjald verði lagt á drykkjarvöruumbúðir þær sem falla undir Endurvinnsluna hf. Umhverfisráðuneytið vinnur nú að því að athuga með hverjum hætti því máli verður best fyrir komið.

Rekstrarfyrirkomulag og starfssvið Úrvinnslusjóðs

Þegar Úrvinnslusjóður hóf starfsemi sína fyrir rúmum 7 árum, voru hér lítil umsvif og lítil þekking á úrvinnslu úrgangs. Upphaflega voru hugmyndir stjórnar sjóðsins að bjóða út úrvinnslu úrgangs frá hinum ýmsu vöruflokkum. Talsverð vinna var lögð í gerð útboðsgagna og mótun reglna. Eftir því sem á leið vinnuna varð mönnum betur ljóst hverjir vankantar voru á þessari aðferð. Útboð mundi leiða til þess að einn eða fáir aðilar önnuðust úrvinnslu og aðrir kæmust ekki að útboðstímanum sem þyrfti að vera nokkur ár. Sjóðstjórnin taldi mikilvægt að virkja þær hugmyndir sem þróast mundu í þjóðfélaginu um aðferðir og leiðir til úrvinnslu. Því varð ofan á að sjóðstjórnin þróaði kerfi þar sem allir áhugaaðilar gætu tekið þátt í

úrvinnslysi. Úrvinnslysið útbjó gjaldskrá og þeir sem hugmyndir, frumkvæði og áhuga hafa geta haslað sér völlu í úrvinnslysið enda uppfylli þeir öll skilyrði sem sjóðurinn setur. Árangurinn er sá að úrvinnslysið er orðinn atvinnuvegur og veltan í þessum lyfi nemur talsvert á annan tug milljarða króna á ári nú. Markmið sjóðsins var að sem flestir kæmu að þessum lyfi og hann yrði mikilvægur og vaxandi þáttur. Nú er svo komið að stundum eru áhöld um hvort þessi efni skuli skilgreinast sem úrgangur eða hráefni.

Markmið og árangur

Sá úrgangur sem Úrvinnslysið fjallar um er með ýmsum hætti. Áhersla er lögð á að ná sem allra hæstum skilum á spilliefnum, efnum sem geta valdið tjóni og skaða á mönnum og umhverfi. Má þar nefna oliuvörur, leysiefni, rafgeyma og rafhlöður, olíumálingu og ýmis önnur efnasambönd. Á þeim skilum má ekki gefa neinn afslátt.

Önnur efni eru bundin þeim skilyrðum að þau má ekki urða ss hjólabar og þarf þá að ná mjög háu skilahlutfalli. Tilskipanir Evrópubandalagsins setja mörk um skilahlutfall enn annarra efna ss umbúða og þá mismunandi eftir umbúðaflokkum og gerðum. Í slíkum tilvikum vakna spurningar hvort ná eigi þeim markmiðum á sem hagkvæmastan hátt, þ.e. með sem minnstum tilkostnaði. Þannig mætti til dæmis ná settum markmiðum í pappa og plasti með söfnun á þéttbýlissvæðum sem næst höfuðborgarsvæðinu. Löggjafinn hefur hins vegar lagt áherslu á viðameiri söfnun og greiðir Úrvinnslysið þannig flutningsgjald frá fjarlægari svæðum þó markmiðunum mætti ná án þess. Hjá fámennri þjóð í stóru landi getur söfnun úrgangs orðið kostnaðarsöm vegna mikilla fjarlægða og lítills magns.

Afkoma sjóðsins

Ráðstöfunafé sjóðsins er að megninu til frá innflutningi. Í þeim hremmingum sem gengið hafa yfir efnahagslífið hefur innflutningur dregist mjög saman og þar með tekjur sjóðsins. Gengisbreytingar hafa ekki áhrif á tekjurnar þar sem úrvinnslysið er ákveðið sem krónutala en ekki hlutfall af verði. Kostnaður hefur hins vegar ekki breyst mikið enda margir vörflokkar Úrvinnslysiðs þannig að líftími vörunnar er langur og hún því að skila sér sem úrgangur árum eftir að hún fer í umferð. T.d. koma rafgeymar og hjólabar ekki sem úrgangur fyrr en nokkrum árum eftir innflutning. Hliðrun er því talsverð milli tekna og útgjalda. Jafnframt lagði sjóðstjórnin áherslu á að hækka úrvinnslysið sem allra minnst vegna efnahagsþrenginganna. Bókfærðar nettótekjur Úrvinnslysiðs voru rúmum 100 milljónum lægri árið 2009 en 2008. Útgjöld hækkuðu hins vegar um 10 m.kr. Afkoma sjóðsins var neikvæð árið 2009 um 337 m.kr en hafði árið 2008 verið neikvæð um 183 m.kr. Var það í samræmi við áætlanir stjórnarinnar að stemma stigu við hækkunum í því ástandi sem nú ríkir. Eigið fé sjóðsins hefur því minnkað, var í árslok 2009 486,7 m.kr. Sjóðurinn hefur því enn borð fyrir báru.

Lög um Úrvinnslysið gera ráð fyrir að haldið sé sem mest jöfnuði í tekjum og gjöldum hinna ýmsu vörflokka.

Sveiflur í innflutningi og mislangur líftími vörunnar valda því að slíkum jöfnuði þarf að ná á ákveðnum árafjölda og miða t.d. við 3-5 ár.

Á undanförunum árum hefur Úrvinnslysið verið falinn undirbúningur endurnýtingar vörflokka sem síðan hafa ekki komið inn í rekstur sjóðsins. Má þar nefna raf- og rafeindatækjaflokkinn og veiðarfæri. Þessu hefur fylgt nokkur kostnaður. Jafnframt hafa tæknibreytingar og þróun haft áhrif í þá átt að erfitt getur verið að ná jafnvægi í sumum flokkum. Má þar nefna minnkandi notkun olíumálingar og breytingar á notkun efna í ljósmynda- og prentiðnaði. Sjóðstjórnin ákvað því að leggja hluta vaxtatekna sjóðsins á jöfnunarreikning og mæta þannig þessum atriðum.

Ábyrgð Úrvinnslysiðs

Að undanförunum hefur stjórn sjóðsins talsvert rætt ábyrgð sjóðsins. Miklar sveiflur í efnahagslífi þjóðarinnar og oft langur tími milli þess að vörflokkur gefur tekjur þar til útgjöld falla vegna úrvinnslysið frá úrgangi hans. Bendir þetta til að sjóðurinn þurfi að hafa borð fyrir báru, t.d. að eitthvert hlutfall af ársveltu vörflokks þurfi að vera í sjóði hverju sinni. Mjög erfitt er að áætla tekjur af innflutningi í sveiflukenndu efnahagslífi.

Jafnframt geta vaknað spurningar um skuldbindingar sjóðsins fram í tímann. Þar geta lagatæknilegar skýringar átt rétt á sér og t.d. hvort úrvinnslysið er skattur eða þjónustugjald. Á sá sem keypt hefur vöru og greitt úrvinnslysið, rétt á að geta skilað úrgangi til úrvinnslysið án endurgjalds í öllum tilvikum? Þróun og tæknibreytingar geta valdið því að hætt er að flytja vöruna inn. Tekjur falla því ekki til í langan tíma en t.d. 5-10 árum eftir kaup vörunnar gæti kaupandi komið með hana sem úrgang. Hver er þá ábyrgð Úrvinnslysiðs? Í árslok 2009 er t.d. úti í þjóðfélaginu mikið magn vöru sem greitt hefur verið úrvinnslysið af og spurning er hvort lita megu á það sem skuldbindingu Úrvinnslysiðs að taka við þeim úrgangi sem til fellur vegna þeirra og greiða fyrir úrvinnslysið. Fræðilega séð er hér um verulegar upphæðir að ræða. Sjóðstjórnin hefur áhuga á að ræða þessi mál nánar við umhverfisráðuneytið.

Að árinu loknu

Telja verður að Úrvinnslysið hafi tekist vel eftir atvikum að sinna hlutverki sínu á árinu. Vel má vera að rétt væri að taka úrvinnslysið í landinu til heildarumræðu og marka heildarstefnu. Starfsemi Úrvinnslysiðs er í nokkuð föstum farvegi en endurskoðun og umhugsun er alltaf til góðs. Þakka ber ágætt samstarf við umhverfisráðuneytið og ýmsa aðra aðila ss. aðrar stofnanir ríkisins, sveitarfélög og hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Guðm. G. Þórarinnsson

Formaður stjórnar Úrvinnslysiðs.

2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2009

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð.

2.1 Stjórn og starfsmenn

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVP-Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna.

Á árinu var stjórn Úrvinnslusjóðs skipuð Guðmundi G. Þórarinssyni, stjórnarformanni, Bryndísi Skúladóttur fyrir Samtök iðnaðarins, varaformanni, Sigurði Erni Guðleifssyni fyrir SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Guðfinni G. Johnsen, fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva og Ögmundi Einarssyni fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

2.2 Hlutverk og verklag

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur


Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi

Vöruflokkar	1/1/2003	1/1/2004	1/1/2005	1/1/2006	3/1/2007	1/1/2008
01 Heyrúlluplast (telst til plastumbúða frá 1.1.2008)		25,00				sjá plastumb.
02 Samsettar drykkjarvöruumbúðir	22,23		10,00			
02 Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr/stk)	0,59-0,73		0,26-0,33			
04 Oliuvörur aðrar en brennsluolía	11,50	14,50			13,00	
04 Svartolía	0,00					
05 Lífræn leysiefni	3,00					
06 Halógeneruð efnasambönd	105,00		130,00			
07 Ísósýanöt	1,30	1,50				
08 Oliumálning	17,00	20,00				25,00
09 Prentlitir	20,00	34,00			25,00	
10 Mangandíoxíðraflhöður	91,00		45,50			
10 Líþíumraflhöður	171,00		85,50			
10 Raflhöður með nikkeldmíum	202,00		101,00			
10 Raflhöður með kvikasilfri	559,00		279,50			
10 Alkalískar hnapparraflhöður (kr/stk)	5,00		2,50			
11 Rafgeymar með sýru	19,00					
11 Rafgeymar án sýru	26,60					
11 Rafgeymar í tækjum (kr/ökutæki)	104,50-1.672					
11 Raflhöður í rafmagnsspennum	19,00					
12 Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	36,75-294,00	51,00-408,00				72,00-576,00
13 Kvikasilfursvörur	900,00					
14 Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni	3,00					
15 Kælimiðlar	2,50					
16 Hjólbarðar	36,02		30,00	20,00	15,00	
16 Hjólbarðar (kr/ökutæki)	72,04-36.020		60-30.000	40-20.000	30-15.000	
17 Veidarfæri				0,00		
18 Pappírs- og pappaubúðir				10,00	7,00	
20 Plastumbúðir				10,00	3,00	
51 Ökutæki (kr/ökutæki á ári)	1.040,00		700,00			

Ath. Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið

hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.

2.3 Fjöldi þjónustu- og ráðstöfunaraðila

Fjöldi þjónustuaðila hefur vaxið jafnt og þétt frá upphafi. Árið 2009 höfðu 69 þjónustuaðilar gert samning við Úrvinnslusjóð um söfnun og ráðstöfun í öllum vöruflokkum frá upphafi. 50 þjónustuaðilar áttu viðskipti við sjóðinn árið 2009. Til samanburðar voru þeir 33 árið 2007. Þjónustuaðili sækir um að þjóna ákveðnum vöruflokkum og einnig á ákveðnum landsvæðum.

Ráðstöfunaraðilar eru ekki í beinum viðskiptum við sjóðinn. Sótt er um að gerast ráðstöfunaraðili, ýmist af ráðstöfunaraðilanum sjálfum eða þjónustuaðila. Þjónustuaðili getur óskað þess að ráðstöfunaraðilar sem þeir sækja um skráningu á séu ekki gerðir opinberir á vef Úrvinnslusjóðs. Ráðstöfunaraðilar eru einnig skráðir á ákveðna vöruflokk þar sem ráðstöfun viðkomandi aðila getur verið utan þeirra skilyrða sem sjóðurinn gerir, t.d. varðandi endurvinnslu.

Ráðstöfunaraðilar fyrir alla flokka eru samtals 56 talsins en nokkrir þeirra eru í mörgum flokkum. Á Íslandi eru 37, í Evrópu (nema Ísland) 16 og utan Evrópu 2. Á árinu 2009 bættust við 2 innlendir ráðstöfunaraðilar. Sorpa tekur nú á móti kurluðum hjólbörðum og nýtir þá sem drenlag og gassöfnunarlög á urðunarstaðnum í Álfsnesi. PM endurvinnsla tekur á móti plastumbúðum, einkum heyrúlluplasti og endurvinnur í grjón sem seljast svo til útlanda.

	Fjöldi þjónustuaðila	Fjöldi ráðstöfunaraðila
Pappa og pappírsumbúðir	14	14
Plastumbúðir (án heyr.pl)	13	11
Heyrúlluplast (plastumbúðir)	56	22
Hjólbörðar	17	18
Spilliefni	2	19

2.4 Lagabreytingar

Stjórn Úrvinnslusjóðs sendi í árslok tillögu um gjalda-breytingar á úrvinnslugjaldi til umhverfisráðherra á eftirtöldum vöruflokkum: Leysiefnum, isósýanötum, olíumálningu, halógeneruðum efnasamböndum, rafgeymum, plastumbúðum, pappa- og pappírsumbúðum. Að auki var gerð tillaga um álagningu úrvinnslugjalds á ný tollnúmer með leysiefnum.

2.5 Veifarfasamningur

Þann 29. ágúst 2005 var gert samkomulag við Landsamband Íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun á úrgangi frá veifarferum úr gerviefnum á grundvelli laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

Samkvæmt samningi LIÚ við PM endurvinnslu ehf. verður móttökustöð fyrir veifarferaugang úr gerviefnum á starfssvæði PM endurvinnslu ehf. í Gufunesi og berst þangað veifarferaugangur frá öllu landinu. Þar er úrgangurinn yfirfarinn og gætt að því að ekki sé í honum aðskotahlutir, áður en hann fer til endurvinnslu. Innsafnað magn af veifarferum úr gerviefnum á vegum LIÚ var um 520 tonn (PE plast) sem unnin voru hjá PM Endurvinnslu ehf. Send voru um 63 tonn (PA plast) af veifarferaugangi til Polivektris í Litháen til endurvinnslu. Samtals gerir þetta um 583 tonn af veifarferum úr gerviefnum sem eru endurunnin. Ágætlega hefur gengið að fá veifarferaugang til endurvinnslu, en markmið samnings milli LIÚ og Úrvinnslusjóðs kveður á um 45% endurnýtingu á árinu 2009 en í honum er gert ráð fyrir að um 1.100 tonn af veifarferaugangi falli til á ári hverju.



2.6 Erlend samskipti

Úrvinnslusjóður er aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery. Í samtökunum eru aðilar frá 15 Evrópuríkjum og nær starfssvið sumra þessara aðila aðeins til plastumbúða en annarra er víðara. Enginn þessara aðila nær þó til jafn margra vöruflokk eins og Úrvinnslusjóður. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni.

Úrvinnslusjóður er aðili að PRO EUROPE sem eru regnhlífarsamtök um það bil 30 aðila í hinum ýmsu Evrópulöndum sem hafa umsjón með söfnun og endurnýtingu umbúða. Flest þessara fyrirtækja nota "Græna punktinn" sem auðkenni á umbúðir sem eru hluti af söfnunarkerfum fyrirtækjanna. Fyrir utan að hafa umsjón með notkun "Græna punktsins" sinna samtökin hlutverki sem málsvari hagsmuna sem tengjast aðildarfyrirtækjunum. Þá eru þau vettvangur fyrir umræðu um söfnun og endurnýtingu umbúða. Á vegum samtakanna eru vinnuhópar þar sem sérstaklega er fjallað um tækni, markaðs- og kynningarmál í tengslum við endurvinnslu. Árið 2009 var aðalfundur Pro Europe haldinn á Íslandi. Á fundinn mættu 35 gestir frá 27 löndum.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársreikningur 2009

3.1 Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings.....	8
3.2 Áritun endurskoðenda.....	8
3.3 Rekstrarreikningur	9
3.4 Efnahagsreikningur	9
3.5 Sjóðstreymi	10
3.6 Skýringar	10
3.7 Uppgjör ársins 2009 eftir vöruflokkum.....	14

Úrvinnslusjóður Suðurlandsbraut 24 Reykjavík. 530803-3680

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfisráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um Umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í framkvæmd eru gjöld staðfest af sjóðnum en tekjur eru færðar án aðkomu hans. Í lögnum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs.

Á árinu 2009 varð 337,2 m.kr. tekjuhali af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 685,3 m.kr., skuldir 198,6 m.kr. og eigið fé nam 486,7 m.kr. í árslok 2009. Stjórn sjóðsins gerði tillögu um hækkun á úrvinnslugjöldum miðað við langtíamarkmið um að eigið fé í hverjum vöruflkki tæki mið af ársveltu hans. Eigið fé er ætlað að standa á móti framtíðarskuldbindingum, sem eru til komnar vegna þess að kostnaður af endurvinnslu fellur oft ekki á sjóðinn fyrr en nokkrum árum eftir álagningu úrvinnslugjalds.

Á árinu samþykkti stjórn Úrvinnslusjóðs stefnumótun varðandi jöfnunargreiðslur sem ætlaðar eru til að ná jöfnuði í rekstur tiltekinn vöruflokka.

Á undanförmum árum hefur Úrvinnslusjóður tekið að sér undirbúning úrvinnslu vöruflokka sem síðan hafa ekki verið felldir undir starfsemi sjóðsins. Má í þessu sambandi nefna flokka eins og veiðarfæri og rafeinda- og rafmagnstæki. Þessu hefur fylgt talsverður kostnaður. Jafnframt hafa tæknibreytingar og áherslur í umhverfismálum og mengunarbörnum valdið þáttaskilum í nokkrum vöruflökkum þannig að umsvif vöruflokka hafa minnkað og fara minnkandi. Það leiðir aftur til þess að erfitt getur orðið að ná jöfnuði á rekstrarreikningi vöruflokksins. Sem dæmi má nefna framköllunarefni og olíumálningu. Athugun á þessum breyttu aðstæðum hefur leitt til þess að stjórn Úrvinnslusjóðs telur óhjákvæmilegt að stofna „jöfnunarreikning“ er mæti kostnaði sem leiðir af ofangreindum atriðum.

Færður verður á jöfnunarreikning hluti af vaxtatekjum Úrvinnslusjóðs. Gagnvart hinum ýmsu vöruflökkum miðist vextir við að verða aldrei lægri en sem nemur vöxtum á veltureikningum fyrirtækja hjá viðskiptabönkunum. Stjórn Úrvinnslusjóðs skal hverju sinni ákveða hve miklu fé skal ráðstafað á jöfnunarreikning og hvernig skal deila því á viðkomandi vöruflokka. Fjárhæð jöfnunar hvers vöruflokks skal sýna á yfirliti vöruflokka með ársreikningi.

Ákveðið var að 36,7 m.kr. yrðu færðir á jöfnunarreikning sem annars vegar yrðu notaðir til að greiða áfallinn kostnað vegna undirbúningsvinnu við álagningu á veiðarfæri og raftæki og hins vegar hlutfallslega til að greiða niður neikvætt eigið fé í vöruflökkum olíumálningar og framköllunarefna.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2010.

Í stjórn

Guðmundur G. Þórarinnsson

formaður

Bryndís Skúladóttir

Sigurður Örn Guðleifsson

Guðfinnur G. Johnsen

Ögmundur Einarsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur Kjartansson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Úrvinnslusjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 16. mars 2010.

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Tekjur			
Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1	267.500.636	370.265.296
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	2	159.081.531	162.482.238
Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu	3	36.994.810	34.526.558
		<u>463.576.977</u>	<u>567.274.092</u>
Gjöld			
Skilagjald		80.868.850	133.002.850
Móttökustöðvargjöld		596.444.194	532.568.439
Söfnunarstöðvargjöld		4.371.682	18.723.635
Flutningsgjöld		103.831.772	90.522.053
Önnur meðhöndlunargjöld		26.378.521	27.744.499
Rekstrarkostnaður, sértækur	4	5.629.729	19.687.328
		<u>817.524.748</u>	<u>822.248.804</u>
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	5	59.447.234	64.661.833
		<u>876.971.982</u>	<u>886.910.637</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur.....		(413.395.005)	(319.636.545)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6	76.193.672	136.092.667
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		<u>(337.201.333)</u>	<u>(183.543.878)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	7	582.947.282	935.910.706
Viðskiptakröfur		100.929.852	81.960.304
Handbært fé		1.420.312	1.298.658
		<u>685.297.446</u>	<u>1.019.169.668</u>
Eignir alls.....		<u>685.297.446</u>	<u>1.019.169.668</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		823.888.761	1.007.432.639
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		(337.201.333)	(183.543.878)
		<u>486.687.428</u>	<u>823.888.761</u>
Höfuðstóll	8	486.687.428	823.888.761
Eigið fé		<u>486.687.428</u>	<u>823.888.761</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		198.610.018	195.280.907
		<u>198.610.018</u>	<u>195.280.907</u>
Skuldir		<u>198.610.018</u>	<u>195.280.907</u>
Eigið fé og skuldir alls.....		<u>685.297.446</u>	<u>1.019.169.668</u>

Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		(337.201.333)	(183.543.878)
Veltufé frá rekstri		<u>(337.201.333)</u>	<u>(183.543.878)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Ríkissjóður. inneign lækkun/(hækkun).....		352.963.424	170.884.387
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....		(18.969.548)	17.746.875
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun		3.329.111	(5.077.709)
		<u>337.322.987</u>	<u>183.553.553</u>
Handbært fé frá rekstri		121.654	9.675
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>1.298.658</u>	<u>1.288.983</u>
Handbært fé í lok ársins.....		<u>1.420.312</u>	<u>1.298.658</u>

3.6 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Tekjuskattar

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur Úrvinnslusjóðs eru úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur af álagningaraðilum. Innheimta er í höndum sýslumanna og/eða tollstjóra. Úrvinnslugjaldið er fært í fjárhagsbókhald hjá Fjárslu ríkisins, samkvæmt skilgreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs.

Skráning gjalda

Þegar reikningar berast Úrvinnslusjóði eru þeir áritaðir og samþykktir. Síðan eru þeir sendir með beiðni um greiðslu og bókun til Fjárslu ríkisins. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilgreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok. Fjárslan sér um alla meðferð virðisaukaskatts fyrir Úrvinnslusjóð.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sjóðsins er áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Sjóðurinn er einnig í launagreiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

Fjárheimildir og rekstur

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2009 fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) námu 530 m.kr. og voru lækkaðar með fjáraulögum um 25 m.kr. Heildarfjárveiting nam því 505 m.kr. en tekjur urðu nokkuð lægri eða 463,6 m.kr.

Rekstur vöruflokka nam 817,5 m.kr. sem er 272,5 m.kr. hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins, nettó voru 76,2 m.kr. eða 33,8 m.kr. lægri en fjárheimild. Rekstrargjöld sjóðsins námu 59,3 m.kr. en það var 9,7 m.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum og eignakaup voru 0,2 m.kr., sem er innan fjárheimilda.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, námu samtals 337,2 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(530.000)	(530.000)	(463.577)	(66.423)
Sértekjur fjármagnslíðir nettó	(110.000)	(85.000)	(76.194)	(8.806)
Rekstur vöruflokka	570.000	545.000	817.525	(272.525)
Annar kostnaður	69.000	69.000	59.276	9.724
	(1.000)	(1.000)	337.030	(338.030)
Eignakaup	1.000	1.000	171	829
	0	0	337.201	(337.201)

Rekstrarreikningur, sundurliðun í þús.kr.:

	2009	2008
Úrvinnslugjald	(463.577)	(567.274)
Sértekjur fjármagnslíðir nettó	(76.194)	(136.093)
Rekstur vöruflokka	817.525	822.250
Annar kostnaður	59.276	63.813
	337.030	182.695
Eignakaup	171	849
	337.201	183.544

Sundurliðanir

1. Úrvinnslugjald vegna innfluttra vara

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2009 að teknu tilliti til breytinga nam 272,3 m.kr. Lækkun frá fyrra ári var 98,0 m.kr. eða 26,5% og stafar lækkun aðallega af minni innflutningi. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

2. Úrvinnslugjald vegna ökutækja

Álagning vegna innlendar framleiðslu nam 37,0 m.kr. á árinu, en 34,5 m.kr. á síðasta ári, sem er hækkun um 2,5 m.kr. eða 7,1%. Úrvinnslugjald innlendar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappirsumbúða, plastumbúða og hjólbarða. Álagning á innlenda framleiðslu er í höndum skattstjóra.

3. Úrvinnslugjald vegna innlendar framleiðslu

Úrvinnslugjald vegna ökutækja var 159,1 m.kr. og lækkaði um 3,4 m.kr. frá árinu 2008 eða 2,1%. Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki.

4. Rekstrarkostnaður, sértækur

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vörflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vörflokki og því færður beint til gjalda á viðkomandi vörflokk. Gerð er grein fyrir þeirri skiptingu eftir vörflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sértækur rekstrarkostnaður lækkaði um 14,1 m.kr. frá fyrra ári, sem stafar aðallega af lækkun kostnaðar af kynningarstarfsemi, en svonefnd endurvinnsluvika var haldin á árinu 2008. Funda- og ferðakostnaður lækkaði um 1,3 m.kr. en afskrifað úrvinnslugjald jókst um 0,7 m.kr.

	2009	2008
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	170.197	150.063
Kynningarstarfsemi	304.753	13.550.966
Funda- og ferðakostnaður	2.897.034	4.207.157
Aðkeypt sérfræðipjónusta	665.969	851.795
Afskrifað úrvinnslugjald	1.591.776	927.347
	<u>5.629.729</u>	<u>19.687.328</u>

5. Rekstrarkostnaður, sameiginlegur

Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vörflokk og er skipt á vörflokka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vörflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2009 eftir vörflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sameiginlegur rekstrarkostnaði er skipt upp í laun og annan rekstrarkostnað.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 43.170 þús.kr. og lækkuðu um 504 þús.kr. eða 1,2% frá fyrra ári. Í árslok 2009 var fjöldi starfsmanna Úrvinnslusjóðs 5 og ársverk á árinu 4,8. Á árinu 2009 voru engar kjarasamningsbundnar hækkningar. Af launagjöldum voru laun vegna langtíma veikinda 2.421 þús.kr. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2009	2008
Dagvinna	27.499.050	27.259.702
Yfirvinna	3.045.186	3.198.075
Aukagreiðslur	5.368.794	6.027.170
Launatengd gjöld	7.257.209	7.189.766
	<u>43.170.239</u>	<u>43.674.713</u>

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs lækkaði milli ára um 4,7 m.kr. eða 22,4%. Þar af lækkaði kostnaður af kynningarstarfsemi um 2,0 m.kr. Þá lækkaði ýmis rekstrarkostnaður um 0,7 m.kr. vegna minni umsýslugjalda og eignakaup lækkuðu einnig.

	2009	2008
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.087.006	1.960.398
Kynningarstarfsemi	0	1.957.730
Funda- og ferðakostnaður	2.551.499	2.407.461
Aðkeypt sérfræðipjónusta	1.341.961	3.620.612
Húsnæðiskostnaður	6.076.622	5.466.756
Ýmis rekstrarkostnaður	4.048.550	4.725.245
Eignakaup	171.357	848.918
	<u>16.276.995</u>	<u>20.987.120</u>

Sameiginlegur rekstrarkostnaður samtals 59.447.234 64.661.833

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum námu 76,2 m.kr. og lækkuðu um 59,9 m.kr. frá fyrra ári eða 44,0%. Lækkunin stafar af lækkun inneignar hjá ríkissjóði og lækkun vaxtaprósentu. Vaxtatekjum er skipt hlutfallslega á vörflokka eins og fram kemur í fylgiskjali eftir að jöfnunarfærsla

hefur verið dregin frá. Aðrar vaxtatekjur eru álögur og dráttarvextir vegna úrvinnslugjalds sem berst eftir eindaga. Öðrum vaxtatekjum og vaxtagjöldum er skipt á vöruflokka í hlutfalli við álagt úrvinnslugjald í fylgiskjali með ársreikningnum.

	2009	2008
Vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði	82.964.848	147.495.126
Vaxtatekjur af inneign í banka	137.658	171.372
Fjármagnstekjuskattur	(9.787.859)	(14.766.650)
	<u>73.314.647</u>	<u>132.899.848</u>
Aðrar vaxtatekjur	2.898.150	3.212.619
Önnur vaxtagjöld	(19.125)	(19.800)
	<u>2.879.025</u>	<u>3.192.819</u>
	<u>76.193.672</u>	<u>136.092.667</u>

Annað

7. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Úrvinnslusjóðs gagnvart ríkissjóði. Þannig eru greiðslur og framlag færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2009 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 582,9 m.kr. og hafði lækkað um 353,0 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2009	935.910.706
Greiðslur	(975.089.166)
Markaðar tekjur	376.937.469
Millifærslur	245.188.273
Staða 31. desember 2009	<u>582.947.282</u>

8. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll Úrvinnslusjóðs sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur sjóðsins gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2009 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 486,7 m.kr. og hafði staðan versnað um 337,2 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuhalla ársins.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2009	823.888.761
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(337.201.333)
Höfuðstóll 31. desember 2009	<u>486.687.428</u>

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Tekjur	463.577	567.274	728.155	892.847	663.396
Gjöld	(876.972)	(886.911)	(876.291)	(694.645)	(562.889)
Fjármagnstekjur, nettó	76.194	136.093	134.777	93.031	51.391
Tekjuafgangur (-halli)	<u>(337.201)</u>	<u>(183.544)</u>	<u>(13.359)</u>	<u>291.233</u>	<u>151.898</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	685.297	1.019.170	1.207.791	1.213.738	817.238
Eignir alls	<u>685.297</u>	<u>1.019.170</u>	<u>1.207.791</u>	<u>1.213.738</u>	<u>817.238</u>
Höfuðstóll	486.687	823.889	1.007.433	1.020.791	729.558
Skammtímaskuldir	198.610	195.281	200.358	192.947	87.680
Eigið fé og skuldir alls	<u>685.297</u>	<u>1.019.170</u>	<u>1.207.791</u>	<u>1.213.738</u>	<u>817.238</u>

3.7 Uppgjör ársins 2009 eftir vöruflokkum

	Vöruf. 04	Vöruf. 05	Vöruf. 06	Vöruf. 07	Vöruf. 08	Vöruf. 09	Vöruf. 10	Vöruf. 11	Vöruf. 12	Vöruf. 13	Vöruf. 14	Vöruf. 15	Vöruf. 16	Vöruf. 17	Vöruf. 18	Vöruf. 19	Vöruf. 20	Vöruf. 51	Samtals	
	Olluvörur	Leysiefni	Halógenaró efnasambönd	Ísósýantí/ pólýretón	Málning	Prentlitir	Refflióður	Rafgeymar	Vörur í ljós- myndaðnaði	Kvikasifur- vörur	Vannarefni	Kælimiðlar	Hjólbarðar	Veðarfæri	Pappa- umbúðir	Raffæki	Plástumbúðir Vöruf. 1 með.	Ökutæki		
Innflutningur	61.630.053	3.850.968	4.786.080	245.099	12.680.424	9.341.438	9.728.348	14.708.151	11.057.808	87.300	403.753	282.867	37.816.635		84.657.030		21.008.053	159.081.531	272.284.007	
RSK						-4.783.371							1.815.575		13.411.063		6.200.867	159.081.531	159.081.531	
Innlent framleiðsla		-723.173			16.290.478															-4.783.371
Útflutningur																				
Eigin endurnýting																				
Samtals tekjur	61.630.053	3.127.795	4.786.080	245.099	28.970.902	4.558.067	9.728.348	14.708.151	11.057.808	87.300	403.753	282.867	39.632.210		96.068.093		27.208.920	159.081.531	463.576.977	
Skilgjald																		80.868.850	80.868.850	
Móttökustöðvargjald	46.179.065	14.581.574	6.326.302	312.872	30.815.853	5.142.856	6.980.012	25.991.793	5.682.368		515.324	894.534	179.862.330		171.236.132		101.923.179	4.371.682	596.444.194	
Söfnunarsöðvargjald																				
Flutningsgjald	33.444.060	835.467	124.817	28.342	3.435.305	138.609	935.401	12.166.392	420.912		10.020	143.885	11.552.203		22.948.136		8.670.723	8.977.500	103.831.772	
Önnur meðhöndlunargjöld	10.033.626																	16.344.895	26.378.521	
Samtals úrvinnsla	89.656.751	15.417.041	6.451.119	34.1214	34.251.158	5.281.465	7.915.413	38.158.185	6.103.280	11.195	51.776	1.038.419	191.414.533		194.184.268		110.593.902	110.562.927	811.895.019	
